

p. m., vil jeg hjer með leyfa, að haldið verði til ágóða fyrir húss- og bústjórnar-
skólann í Reykjavík lotterí um 6 vetra gamlan reiðhest, er skólanum hefir verið
gefinn, með þeim skilyrðum, að eigi sjú gefnir út fleiri sedlar til nefnds lotterís
en 2000, og hver sedill seldur á 50 aura, og að því áskildu, að nákvæmlega sje
hlýtt reglum þeim og ráðstöfunum, er þjer sem lögreglustjóri gjörð til þess að
allt fari vel og rjettilega fram.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegr-
ar leiðbeiningar og birtingar fyrir beiðendunum.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu um lán
handa Strandasýslu til vegagjörða. Eptir beiðni sýslunefndarinnar í Strandasýslu
og samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 14.
p. m., vil jeg hjermeð veita sýslusjóði Strandasýslu 3200 króna lán úr viðlaga-
sjóði landssjóðs til vegagjörða á sýsluveginum yfir Bitruháls og Stikuháls í nefndri
sýslu, gegn því að lán þetta ávaxtist með 4% árlega og endurborgist með jöfn-
um afborgunum á 15 árum frá lántökudegi að telja.

Þetta er yður hjermeð þjónustasamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar
leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu um
lán handa Snæfellsness- og Hnappadalssýslu til vegagjörða. — Eptir móttöku þóku-
anlegs brjefs yðar, herra amtmaður, dagsetts 1. p. m., hefi jeg veitt sýslusjóði
Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 1000 króna lán úr landssjóði til vegabóta á
sýsluvegum í nefndri sýslu með þeim skilyrðum, að lán þetta ávaxtist með 4%
árlega og endurborgist á 10 árum frá lántökudegi að telja með jöfnum af-
borgunum.

Þetta er yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknan-
legrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu um
lán handa Kjósar- og Gullbringusýslu til vegagjörða. — Samkvæmt beiðni sýslu-
nefndarinnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu í brjefi, dagsettu 11. p. m., er borizt
hefir hingað beina leið, og að fengnu samþykki yðar, herra amtmaður, fyrir hönd
amtsráðs Sudutamtsins í brjefi yðar til sýslumannsins í nefndri sýslu, dagsettu í
dag, hefi jeg veitt sýsluvegasjóði optnefndrar sýslu 3000 króna lán úr landssjóði
í viðbót við áður fengið lán til vegagjörðar milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur
með þeim skilyrðum, að lán þetta ávaxtist með 4% árlega og endurborgist með
jöfnum afborgunum á 15 árum frá lántökudegi að telja.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknan-
legar leiðbeiningar og frekari birtingar.